

Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 10. júní 2014 á Kjóavöllum.

10. fundur

Fundur hófst kl. 18:15

Mættir: Linda Gunnlaugsdóttir, Hannes Hjartarson, Brynja Viðarsdóttir, Kristín Njálisdóttir og Hermann Vilmundarson. Lárus Finnbogason og Sigurður Halldórsson boðuðu forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Farið yfir verkefnalistann og hann uppfærður.
3. Farið yfir málefni tengd frágangi í eldhúsi í veislusal reiðhallarinnar. Ýmislegt sem enn er ófrágengið. Ákveðið að ganga frá öllu tengdu eldhúsinu sem fyrst, færa rafmagnstengla o.fl. Framkvæmdastjóri sér um verkefnið.
4. Nefndir. KN lagði fram lista yfir nefndir en sumar eru ekki fullmannaðar. Ákv. að stjórnarmenn fari í það í haust að kalla til fólk til starfa í nefndum félagsins og að allar nefndir verði fullmannaðar fyrir næsta vetur. Upplýsingar á heimasíðu um nefndir félagsins verða endanlega uppfærðar í haust en settar inn þær leiðréttingar núna sem komnar eru.
5. Stefnumótun, fjáröflun og undirbúningur fyrir haustið. Ákveðið að stjórn fari í stefnumótunarvinnu í haust og stefnt að því að ákveðin stefnumótun og hugmyndir í fjáröflunarmálum verði tilbúin fyrir miðjan september. Hannes lagði fram ákveðnar hugmyndir varðandi reiðnámskeið sem teknar verða fyrir í stefnumótunarvinnunni.
6. Vallarmál. Svo virðist sem keppnisvellir séu að þróast mjög vel en þeir stóðust álagið prýðilega í rigningunni á gæðingamótinu. Unnið er áfram að frágangi á keppnisvöllum og svæðinu þar í kring.
7. Keppnisbúningar – staðan. Bráðabirgðar búningur er tilbúinn fyrir Landsmót og lögð áhersla á að allir keppendur Sprettis klæðist þessum búningi á Landsmóti.
8. Landsmótsnefnd – staðan. Góður gangur er í undirbúningi fyrir Landsmót en Brynja er fulltrúi stjórnar í nefndinni og þá starfar framkv.stj. einnig með nefndinni.
9. Metamótsnefnd – staðan. Undirbúningur er í gangi fyrir metamótið nk. haust.
10. Félagsheimilið á Hattarvöllum. Ákveðið að auglýsa Félagsheimilið á Hattarvöllum 1 til sölu og setja sem skilyrði að í húsinu verði hestatengd starfsemi.
11. Sumarið – starfsemi: Næsti fundur stjórnar ákveðinn 24. júní nk. en eftir það fari stjórn í sumarfrí út júlí.

12. Önnur mál.

- Félagið er að girða hólfi í Básaskarði – framkv.stj. mun sjá um beitarhólfin og úthluta til leigu. Beit er alfarið bönnuð á öllu athafnarsvæði Spretts að öðru leyti. Þeim félagsmönnum sem girt hafa af hólfi fyrir sig á svæðinu verður gert að fjarlægja þær girðingar hið fyrsta.
- Heilbrigðiseftirlitið hefur samþykkt 12 ára rekstrarleyfi á veislusal félagsins með fyrirvara um endanlega úttekt eftirlitsins á aðstöðunni.
- Landsmót 2016 og 2018. Hjá LH liggur fyrir umsókn frá Spretti fyrir Landsmót 2016 þar sem aðstaða félagsins er boðin fram. Fljótlega mun LH auglýsa eftir mótshaldara fyrir Landsmót 2018 og mun Sprettur senda inn umsókn vegna þess.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:00

Fundargerð ritaði Kristín Njálisdóttir